

# **BREYTINGALÖG**

**Leiðbeiningar og dæmi**

**Skrifstofa Alþingis – janúar 1998**

Guðrún Þóra Guðmannsdóttir tók saman



## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR .....	5
ALMENNT .....	6
BREYTTUR TEXTI .....	7
Breytt grein .....	7
Breytt grein ásamt fyrirsögn .....	9
Breytt málsgrein .....	9
Ein málsgrein verður tvær .....	10
Breyttur málsliður .....	11
Einn málsliður verður tveir (eða fleiri) .....	12
Breyttur töluliður (staflíður) .....	13
Breytt tilvísun .....	14
Breytt orðskýring .....	14
Breytt orðalag .....	15
Tvær greinar verða að einni .....	18
Breytt greinarfyrirsögn .....	18
Breyttur kafli .....	19
Breytt kafla- og greinanúmer .....	21
Breytt kaflafyrirsögn .....	21
Breytt lagaheiti .....	21
Breytt ákvæði til bráðabirgða .....	22
Breyttur viðauki .....	23
Breyting á tollskrá .....	23
VIÐBÓT .....	24
Ný grein .....	24
Ný grein með fyrirsögn .....	26
Tvær (eða fleiri) nýjar greinar bætast við .....	27
Nýjar greinar koma í stað gildandi greina .....	28
Nýjar greinar með fyrirsögn .....	29
Ný málsgrein .....	30
Nýr töluliður (staflíður) .....	32
Viðbót .....	34
Nýr málsliður .....	34
Nýr kafli .....	36
Nýtt (ný) ákvæði til bráðabirgða .....	38
Nýjar orðskýringar .....	40
Nýr viðauki .....	41
BROTTFALL .....	43
Brottfall greinar (greina) .....	43
Brottfall greinarfyrirsagnar .....	43
Brottfall málsgreinar (málsgreina) .....	44
Brottfall málsliðar (málsliða) .....	44
Brottfall töluliðar (staflíðar) .....	45

Orð fellt (felld) brott .....	45
Brottfall kafla .....	46
Ákvæði til bráðabirgða fellt brott .....	46
MARGÞÆTTAR BREYTINGAR .....	47
BANDORMAR .....	50
HEITI BREYTINGALAGA .....	52
GILDISTÖKUÁKVÆÐI .....	54
ENDURÚTGÁFA LAGA .....	57
ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI .....	58
LETURBREYTINGAR .....	59
SKAMMSTAFANIR .....	60
Breyting á öðrum lögum en þeim sem breytt er (afleiðingarbreyting) .....	62
Þrátt-fyrir-ákvæði .....	63

## INNGANGUR

Lagasmíð er flókið og vandasamt verk. Í þingsköpum er ekki fjallað nákvæmlega um gerð lagafrumvarpa, aðeins að þau skuli vera „samin með lagasniði“ og að þau skuli prentuð og þeim útbýtt meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skuli „fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum“. Enn fremur segir að Alþingi megi ekki „taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra taki það að sér til flutnings“. Þótt hugmyndir um breytingar á gildandi lögum eða setningu nýrra laga geti orðið til hjá ýmsum aðilum úti í þjóðfélaginu hafa því aðeins þingmenn og ráðherrar rétt til að leggja fram lagafrumvörp; þingnefnd getur einnig flutt frumvarp. Stjórnarfrumvörp eru oftast unnin af starfsmönnum ráðuneyta en einnig af nefndum, skipuðum af ráðherrum. eru þá gjarnan fengnir til starfa sérfræðingar í málaflokkum sem um er að ræða og jafnvel ýmsir hagsmunaaðilar sem fá þannig að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og benda á hvaða áhrif lagasetningin geti haft.

Hvað er þá „lagasnið“? Því er ekki auðsvarað. Lagasetning hefur þróast á löngum tíma. Framsetning lagafrumvarpa er í nokkuð föstum skorðum, hefur mótast smám saman, og hefur trúlega alltaf verið leitast við að hafa hana sem skýrasta. Við lagasetningu er mikilvægt að séð verði til þess að sem fæst vafamál komi upp þegar farið er eftir lögnum. Texti verður því umfram allt að vera gagnorður og skýr. Venjur hafa skapast þótt ekki hafi verið mótaðar afdráttarlausar leiðbeiningar.

Lagabreytingar eru gerðar á tvennan hátt, með sérstökum breytingalögum eða sett eru ný lög sem taka þá við af eldri lögum um sama mál. Breytingalagaformið er líklega oftast notað ef aðeins á að breyta fáeinum atriðum; þá er tekið skýrt fram hverju skal breyta, annað stendur að sjálfsögðu óhaggað. Sé lögum gjörbreytt með breytingalögum eða þeim hefur verið breytt oft áður er hægt að setja ákvæði í lögin um að þau lög, sem breytt er, skuli endurútfærin með innfelldum öllum breytingum. Eigi að setja ný heildarlög eru gildandi lög endurskoðuð og gerðar breytingar á ákvæðum sem þörf er talin á að breyta en önnur látin standa óhögguð.

Meginsjónarmiðin við framsetningu lagafrumvarps eru að texti sé skýr, hnitmiðaður og ótvíræður og að málfarið sé látlaust og viðurkennt en vandað; textinn verður að vera auðskilinn hverjum og einum. Æskilegt er að setningar séu stuttar og segi allt sem segja þarf án þess að hætta sé á misskilningi.

Hér á eftir verður reynt að setja fram í stórum dráttum ábendingar um mögulega framsetningu breytingalagafrumvarps og dæmi til skýringar.

## ALMENNT

Í frumvarpi til breytinga á ákveðnum lögum eru fyrirhugaðar breytingar settar fram í sömu röð og ákvæðin sem breyta á í lögunum. Gjarnan er breyting eða breytingar á einni grein laganna settar fram í hverri grein frumvarpsins. Ef breytingar eru fleiri en ein má skipta greininni upp í staflíði (eða tölulíði). Séu breytingarnar flóknar má orða greinina upp á nýtt.

Sé ætlunin að breyta mörgum greinum í einum kafla eða kaflanum öllum má taka hann upp í heild í texta frumvarpsins.

Oft þarf að breyta einu orði eða orðalagi í fleiri en einni grein og má þá taka allar breytingarnar saman í eina grein og er þá miðað við greinina sem orðið kemur fyrst fyrir í. Eins má fella brott margar greinar í einu.

Eigi að breyta tvennum eða fleiri lögum má gera það með einum breytingalögum, „bandormi“.

Tilgreina skal nákvæmlega hverju skal breyta og hvernig og gæta þess að nýr texti falli rétt inn í lögin sem breyta á. Gæta þarf einnig að stíl laganna þannig að ekki skapist misræmi innan þeirra þegar breytingin er færð inn í þau. Einnig verður að vera samræmi við önnur lög. Mikilvægt er að fram komi í hverju tilviki hverju er breytt; ef breyting á grein er smávægileg er skýrara að geta aðeins orðanna sem breyta á og hvernig þau breytast en að taka greinina upp í heild breytta. Auðséð er þá hver tilgangurinn með breytingunni er.

Allur lagatexti er hafður í framsöguhætti (gagnstætt texta breytingartillagna).

## BREYTTUR TEXTI

**Breytt grein.**

Grein breytist í heild sinni og nýr texti kemur í stað þess sem gildi áður. Í inngangsmálgrein (formsmálgrein) er getið greinarnúmers og sagt að sú grein laganna „orðist svo“ („verði svohljóðandi“, „hljóði svo“) og er textinn hafður í framsöguhátti. Tvípunktur er í lok inngangsmálgreinar og síðan greinaskil á undan nýja textanum (efnismálgrein).

*Úr lögum nr. 55/1995:*

2. gr.

43. gr. laganna verður svohljóðandi:

Um mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsast með sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Lyf og lyfjaefni, sem eru framleidd, flutt inn eða seld ólöglega hér á landi skulu gerð upptæk með dómi og enn fremur ágóði af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í rikissjóð.

*Úr lögum nr. 137/1994:*

45. gr.

46. gr. a laganna orðast svo:

Hlutfélag getur eignast eigin hluti skv. 46. gr. án heimildar hluthafafundar ef slíkt reynist nauðsynlegt til að afstýra verulegu og yfirvofandi tjóni hjá félaginu.

Í slíku tilvikum skal stjórn greina næsta hluthafafundi frá:

1. Ástæðunum fyrir og markmiðum með öflun hlutanna.
2. Fjölda og nafnverði þeirra hluta sem félagið eignaðist.
3. Hlutfalli hlutanna af hlutfénu.
4. Endurgjaldi fyrir hlutina sem félagið eignaðist.

Hafi grein verið breytt áður er gott að vísa í þá breytingu til að enginn ruglingur verði (t.d. „3. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. . . ., orðast svo“).

*Úr lögum nr. 151/1994:*

1. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1987, orðast svo:  
Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjum umfram 75.000 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

*Úr lögum nr. 44/1993:*

31. gr.

112. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, breytist þannig:
- a. Í stað orðanna „sviði, og“ í i-lið 1. mgr. kemur: sviði.
  - b. Á eftir orðinu „ökupróf“ í k-lið 1. mgr. kemur: og.
  - c. Á eftir k-lið 1. mgr. kemur nýr liður, l-liður, og orðast svo: að annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.
  - d. Í stað orðsins „árlega“ í 3. mgr. kemur: a.m.k. annað hvert ár.

Hafi kafli eða greinar fallið brott á undan grein sem á að breyta, og kveðið er á um að greinatölu skuli breyta til samræmis við það, er rétt að geta þess hvert númer hinnar nýju greinar verður.

*Úr lögum nr. 81/1994:*

6. gr.

14. gr. laganna, er verður 11. gr., orðast svo:  
Hver sá sem vill reka ferðaskrifstofu skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skal veita í fyrsta sinn til tveggja ára en síðan til fimm ára í senn. Ráðherra er heimilt að ákveða að leyfum til reksturs ferðaskrifstofu sé skipt í flokka eftir starfsvettvangi og skal nánar kveðið á um flokkun ferðaskrifstofa í reglugerð.

Samgönguráðuneytið skal ganga úr skugga um að öllum skilyrðum sé fullnægt.

## Breytt grein ásamt fyrirsögn.

Úr lögum nr. 69/1996:

7. gr.

15. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Form aðflutningsskýrslu.*

Ríkistollstjóri ákveður form aðflutningsskýrslu og hvaða upplýsingar skuli þar koma fram, svo sem um innflytjanda, vöru, flutningsfar og annað sem nauðsynlegt getur talist og varðar innflutning. Ákvæði þetta gildir bæði um aðflutningsskýrslu sem send er tollstjóra með tollskjalasendingum milli tölva vegna SMT-tollafgreiðslu og skriflega aðflutningsskýrslu sem annars ber að afhenda tollstjóra.

Ríkistollstjóri skal hafa til sölu eyðublöð fyrir skriflegar aðflutningsskýrslur. Er honum heimilt að ákveða verð eyðublaðanna með hliðsjón af kostnaði við prentun, dreifingu og aðra umsýslu tollyfirvalda.

Innflytjendur geta sjálfir lagt til eyðublöð fyrir aðflutningsskýrslur, enda uppfylli þau skilyrði sem ríkistollstjóri setur um form þeirra.

## Breytt málsgrein.

Málsgrein breytist í heild sinni og kemur þá nýr texti í stað þess sem í gildi var. Í inngangsmálsgrein er tiltekin málsgrein og grein og sagt að sú málsgrein „orðist svo“ (eða „verði svohljóðandi“). Texti inngangsmálsgreinar er alltaf í fram-söguhætti. Þá kemur tvípunktur og greinaskil, málsgreinin er síðan tekin upp í heild, breytt.

Úr lögum nr. 150/1994:

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Vátryggjanda er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirkvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrætti þessum skal þó ekki beitt ef endurbygging er eigi heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um. Hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji vátryggjandi brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignar er vátryggjanda heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar. Rísi ágreiningur um bótafjárhæð skal málinu skotið til gerðardóms sem ráðherra setur nánari ákvæði um í reglugerð, sbr. 5. gr. laga þessara.

Breytist málsgrein með málsgreinarnúmeri fylgir númerið með.

Úr lögum nr. 37/1994:

4. gr.

3. og 4. mgr. 133. gr. laganna verða svohljóðandi:

3. Ákærði skal kvaddur til að vera viðstaddur uppsögu héraðsdóms sé þess kostur. Sæki hann þing telst dómur þá birtur fyrir honum, en annars lætur ákærandi birta dóm skv. 20. gr.

4. Endurrit af dómi skal að öðru jöfnu vera til reiðu við dómsuppsögu, en að öðrum kosti ekki síðar en viku eftir þann tíma.

Hafi grein verið breytt áður er æskilegt að vísa í þá breytingu svo að ótvírætt sé hvaða texta er verið að breyta.

Úr lögum nr. 151/1994:

1. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1987, orðast svo:

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjum umfram 75.000 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

### **Ein málsgrein verður tvær.**

Taka þarf skýrt fram ef tvær eða fleiri málsgreinar skulu koma í stað einnar í gildandi lögum. Varast ber að segja að ákveðin málsgrein orðist svo og tilgreina svo nokkrar málsgreinar (svo sem nokkur dæmi eru um!).

Úr lögum nr. 131/1994:

3. gr.

Í stað 4. mgr. 30. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum og tannlæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkra vitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað.

Lyfjaheildsölum er jafnframt heimilt að selja dýralæknum dýralyf til notkunar á eigin stofum eða í vitjunum og til sölu frá starfsstofu sinni. Ráðherra skal, í samráði við yfirdýralækni, setja reglugerð þar sem kveðið er á um hvaða lyf dýralækna mega selja og hvaða lyf þeir mega

eingöngu sjálfir gefa dýrum. Jafnframt skal þar kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja lyfjum sem gefin eru dýrum hverra afurðir eru ætlaðar til manneldis og hvaða skýrslur ber að halda um sölu dýralyfja, sbr. 24. gr.

### **Breyttur málslíður.**

Málslíður (eða málslíðir) breytist í heild sinni; nýr texti kemur í stað þess sem í gildi var. Vísað er nákvæmlega í gildandi lög (tiltekinn málslíður, málsgrein og grein) og tiltekið að málslíðurinn orðist svo; tvípunktur á eftir; textinn kemur síðan í beinu framhaldi (ekki greinaskil).

*Úr lögum nr. 137/1994:*

26. gr.

2. málsl. 3. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Ef víkja á frá áskriftarrétti hluthafa skal gera grein fyrir ástæðum, svo og rökstyðja tillögur um áskriftargengi.

*Úr lögum nr. 9/1995:*

1. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.

*Úr lögum nr. 46/1994:*

2. gr.

Síðari málslíður 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Deildarráð getur leyft undanþágu frá tímamörkum ef til þess eru gildar ástæður.

**Einn málsliður verður tveir (eða fleiri).**

Taka þarf skýrt fram ef tveir eða fleiri málsliðir skulu koma í stað eins í gildandi lögum. Varast ber að segja að ákvæðinn málsliður orðist svo og tilgreina svo nokkra málsliði (svo sem nokkur dæmi eru um!).

*Úr lögum nr. 109/1993:*

## 1. gr.

Í stað lokamálsliðar ákvæðis til bráðabirgða koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Þetta ákvæði tekur einnig til nýrra fullvinnsluskipa hafi verið samið um smíði eða kaup á þeim fyrir 22. júní 1992. Sama gildir hafi verið samið um breytingar á eldri skipum í fullvinnsluskip fyrir þann tíma.

Fyrir kemur að í stað eins eða tveggja málsliða eiga að koma fleiri málsliðir, jafnvel málsgrein.

*Úr lögum nr. 12/1994:*

## 2. gr.

Í stað 1. og 2. másl. 1. mgr. 48. gr. laganna kemur: Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að sjóðurinn verði varðveittur á annan hátt að nokkru leyti eða öllu ef það er talið auka möguleika sjóðsins á ávöxtun án þess að hafa í för með sér áhættu fyrir hann. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Fjár til sjóðsins skal aflað sem hér segir:

*Úr lögum nr. 87/1994:*

## 3. gr.

Í stað 4. másl. 2. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar skal draga eftirtalinn afla frá:

1. Áætlaðan afla báta er stunda veiðar með línu og handfærum skv. 1.–6. mgr. 6. gr.
2. Línaafli í samræmi við 6. mgr. 10. gr. og skal línaafllinn skiptast milli þorsks og ýsu á grundvelli skiptingar á síðasta fiskveiðiári.
3. Aflaheimildir sem nota skal til jöfnunar, sbr. 9. gr.

**Breyttur töluliður (staflíður).**

Töluliður (staflíður) breytist í heild sinni; nýr texti kemur í stað þess sem í gildi var. Númer töluliðar er tilgreint, svo og númer málsgreinar og greinar; tvípunktur á eftir. Texti töluliðarins kemur þá í beinu framhaldi (engin greinaskil) eða: einnig má setja töluliðinn upp eins og í lögnum, þ.e. með númeri og inndrætti.

*Úr lögum nr. 9/1995:*

5. gr.

B-liður 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: hreppstjórar.

*Úr lögum nr. 46/1995:*

1. gr.

7. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Póstþjónusta sem opinber aðili hefur einkaleyfi á, samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986. Undanþágan nær einnig til viðtöku og dreifingar á öðrum árituðum bréfaþóstsendingum, þar með talin póstkort, blöð og tímarit, og til almennra dreifisendinga og opinna bréfa.

*Úr lögum nr. 24/1995:*

4. gr.

2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:  
2. er lögráða og hefur haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár.

*Úr lögum nr. 28/1995:*

1. gr.

2. og 5. tölul. 4. mgr. 6. gr. laganna verða svohljóðandi:  
2. Þegar ríkissjóður eða ríkisstofnanir kaupa eða selja.  
5. Þegar leigð eru eða heimiluð með öðrum hætti afnot af slægjum, beit, námum, veiðiréttindum, vatnsréttindum, einstökum húsum og íbúðum, þar með töldum sumarþústöðum, og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri.

**Breytt tilvísun.**

Hafi númeri greinar eða málsgreinar verið breytt getur verið nauðsynlegt að breyta tilvísunum í þá grein (málsgrein) annars staðar í lögnum.

*Úr lögum nr. 35/1995:*

1. gr.

Í stað „11. gr.“ í 2. gr. laganna kemur: 10. gr.

**Breytt orðskýring.**

Þess skal gætt að nota sömu leturgerð og notuð er í lögum (í Stjórnartíðindum) sem breyta skal (skáletrun, feitletrun).

*Úr lögum nr. 112/1992:*

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laganna breytast eftirfarandi orðskýringar:

**Efri og neðri mörk greiðslumarks** eru leyfileg fráviksmörk framleiðslu á lögbyli frá greiðslumarki býlisins án þess að frávikid valdi breytingu á beinum greiðslum úr ríkissjóði nema kveðið sé á um aðrar viðmiðanir í samningum Stéttarsambands bænda og landbúnaðarráðherra skv. a-lið 30. gr. eða í reglugerðum við lög þessi.

**Greiðslumark lögbylis** er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílógrömmum, eða mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbyli samkvæmt búvörusamningi og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

**Heildargreiðslumark** er tiltekið magn kindakjöts mælt í tonnum, eða mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbyla eftir greiðslumarki þeirra.

**Verðlagsár** er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir. Þó getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að verðlagsár fylgi almanaksári.

*Úr lögum nr. 44/1993:*

1. gr.

Í stað liðarins „Öxulþungi“ í 2. gr. laganna kemur í réttri stafrófsröð nýr liður er orðast svo:  
*Áspungi:*  
Þungi sem flyst á veg af hjólum á einum ás ökutækis.

**Breytt orðalag.**

Einu eða fleiri orðum (jafnvel orðhluta) innan greinar (málgreinar, liðar o.s.frv.) er breytt. Þá skal tilgreina sem nákvæmast hverju á að breyta (innan gæsalappa) og hvar (í hvaða málslið, tölulið, málgrein eða grein) og síðan, á eftir tvípunkti, hver breytingin er (hvað skal koma í staðinn).

*Úr lögum nr. 137/1994:*

11. gr.

Í stað orðanna „sem um ræðir í stofnsamningi“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: sem fylgja stofnsamningi.

*Úr lögum nr. 28/1995:*

9. gr.

Í stað orðanna „innan fjögurra vikna“ í 3. másl. 32. gr. laganna kemur: innan 30 daga.

Dæmi um tvær skyldar breytingar í sömu málgrein eða málslið:

*Úr lögum nr. 102/1993:*

8. gr.

Í stað orðsins „tíu“ í fyrri málgrein 73. gr. laganna kemur: fimm, og í stað orðsins „viku“ í sömu málgrein kemur: þremur dögum.

*Úr lögum nr. 99/1996:*

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ kemur: samgönguráðherra.
- b. Í stað orðanna „henni“ og „hún“ kemur: honum, og: hann.

Ef breyta á tölum (upphæðum) má tilgreina töluna og það sem koma á í staðinn en betra er að láta nánari skilgreiningu á tölunni fylgja (prósentur/hlutfallstala, fjárhæð, ártal o.s.frv.).

*Úr lögum nr. 139/1994:*

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1994“ í síðari málsgrein 100. gr. laganna kemur: 1. júlí 1995.

*Úr lögum nr. 153/1994:*

1. gr.

Í stað ártalsins „1993“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 1994.

*Úr lögum nr. 17/1995:*

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „45%“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: 36%.

*Úr lögum nr. 85/1991:*

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „300.000“ í 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: 328.500.

*Úr lögum nr. 124/1993:*

2. gr.

Í stað „1%“ í b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 1,12%.

Ef breyta á greinar- eða málsgreinarúmeri er skýrara að tiltaka ekki aðeins númerið heldur líka það sem númerið á við.

*Úr lögum nr. 35/1995:*

1. gr.

Í stað „11. gr.“ í 2. gr. laganna kemur: 10. gr.

Ef breyta á sama orðalagi í fleiri en einni grein í lögum má gera það í einu lagi.

*Úr lögum nr. 106/1992:*

7. gr.

Í stað skammstafananna FR, ÁR og SR í lögnum í 13., 16., 17., 18., 20. og 22. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): eftirlitsaðili. Í stað orðsins „áburðareftirlitinu“ kemur í 19. gr. orðið: eftirlitsaðila.

Í stað orðsins „eftirlitsdeildar“ í 1. másl. 6. gr. laganna kemur: eftirlitsaðila, og í stað orðanna „eftirlitsdeild“ og „eftirlitsdeildinni“ í 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): eftirlitsaðili.

*Úr lögum nr. 9/1996:*

1. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 21. gr. laganna og í stað sömu orða í 25. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Bændasamtök Íslands.

Í stað orðanna „sker Búnaðarfélag Íslands úr“ í 3. másl. 26. gr. laganna kemur: skera Bændasamtök Íslands úr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands úrskurðar“ í 4. másl. 41. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands úrskurða.

*Úr lögum nr. 73/1996:*

17. gr.

**Breyting á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.**

- a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 3. mgr. 6. gr. laganna og í stað sömu orða í 1. og 3. mgr. 12. gr., 13.–15. gr., 3. mgr. 22. gr., 3. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr., a-lið 1. mgr. 47. gr., 2., 4. og 5. mgr. 49. gr. og 69. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfallum): Bændasamtök Íslands.
- b. Í stað orðanna „Búnaðarfélagið lætur“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands láta.
- c. Í stað orðsins „sýslunefnd“ í 69. gr. laganna kemur: héraðsnefnd.

**Tvær greinar verða að einni.**

Úr lögum nr. 58/1995:

3. gr.

Í stað 38. og 39. gr. laganna kemur 38. gr. er hljóðar svo:

Um yfirstjórn félagslegra húsnæðismála af hálfu ríkisins vísast til II. kafla laga þessara. Sveitarstjórn ber ábyrgð á félagslegu húsnæði á vegum þess.

Betra væri að segja:

Í stað 38. og 39. gr. laganna kemur ný grein, 38. gr., er hljóðar svo:

...

Úr lögum nr. 56/1995:

2. gr.

37. og 38. gr. laganna sameinast og verða 38. gr.

37. gr. er þrjár málsgreinar. Betra er að segja: 37. gr. laganna flyst í 38. gr. og verður 1.–3. mgr. hennar.

**Breytt greinarfyrirsögn.**

Eigi að breyta greinarfyrirsögnum þarf að gæta þess að leturgerð (skáletur, feit-letrun) sé sú sama og í upphaflegu lögnum (í Stjórnartíðindum). Séu fleiri en ein breyting teknar saman í eina grein kemur breytingin á fyrirsögn hennar síðast.

Úr lögum nr. 44/1993:

9. gr.

34. gr. laganna breytist þannig:

a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um akstursíþróttir á sérstökum afmörkuðum svæðum utan vega. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um ökuskírteini og um lágmarksaldur ökumanns.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Akstursíþróttir og aksturskeppni.**

**Breyttur kafli.**

Kaflanúmer breytist ekki en heiti hans breytist og greinarnar innan hans.

Úr lögum nr. 63/1994:

2. gr.

IV. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Veiðistjórn lax- og göngusilungs og fiskrækt**, orðast svo:

a. (14. gr.)

1. Eigi má veiða lax í sjó og ekki silung utan netlaga.
2. Óheimilt er að koma með lax að landi sem veiðst hefur í sjó í veiðitæki sem ætluð eru til veiði annarra fiska. Ber þeim er veiðir lax á þann hátt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því er öðlaðist gildi árið 1932 eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati og er þá sú veiði leyfileg.
4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.
5. Nú liggur veiðivatn eða hafbeitarstöð svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu eða hjá stöðinni en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, eða eigendur hafbeitarstöðvar vilja leysa sjávarveiðina til sín og er ráðherra þá rétt að leyfa það að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því sem segir í 94. og 96. gr.
6. Heimild landareigna, sem liggja að sjó, til silungsveiða skal miðast við þann netafjölda sem viðkomandi landareign hafði síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði frá 1957. Um ágreining skal fjalla skv. 94. gr. Rétt er ráðherra að setja reglur um silungsveiði í sjó.
7. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma enda komi ósk um slíka friðun frá einstökum veiðieigendum eða veiðifélagi sem ætla verði að njóti góðs af friðun þessari. Um mat á bótum vegna slíkrar takmörkunar fer skv. 94. og 96. gr., en bætur skulu greiddar af þeim sem takmörkunar óskar.
8. Með sama skilorði og í 7. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa þar sem hættu er á að lax og silungur geti veiðst í veiðiútbúnað sem ætlaður er til slíkrar veiði.

b. (15. gr.)

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi á lóð, í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki þau er lax má í veiða.
2. Á tímabilinu 1. apríl til 1. október má eigi leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 1.500 metra ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m<sup>3</sup> á sekúndu en 2.000 metra ef vatnsmagnið er meira og eigi nær en 1.500 metra frá hafbeitarstöð, enda gangi fiskur í það vatn eða þá hafbeitarstöð. Fullt samráð skal hafa við viðkomandi veiðifélag eða hafbeitarstöð varðandi ráðstöfun stangaveiði á þessu svæði. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að takmarka stangaveiði á friðuðu svæði við ós og setja reglur um veiðitæki og möskvastærð neta við slíka ósa. Þó getur ráðherra að fengnu álitni veiðimálastjóra leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

3. Til verndunar villtra laxastofna er ráðherra rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að friða tiltekin svæði í sjó í nágrenni mikilvægra veiðivatna þar sem ekki verði heimiluð starfsemi á sviði fiskeldis og hafbeitar með laxfiska. Ráðherra skal setja reglur um þessi friðunarsvæði.

...

4. gr.

VII. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Fiskvegir og önnur mannvirkjagerð í og við veiðivötn**, orðast svo:

a. (39. gr.)

1. Ráðherra er rétt að leyfa að gerður sé fiskvegur í vatni eða meðfram vatni enda samþykki veiðimálastjóri gerð fiskvegar og hafi umsjón með framkvæmd verksins.

2. Hverjum manni er skylt að láta afhendi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns er með þarf til fiskvegar, og þola verður hann þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati nema samkomulag verði.

3. Um breytingu á fiskvegi eða vatnsmagni í honum fer eftir því sem segir í 1. og 2. mgr.

b. (40. gr.)

Eigi má veiða eða stýggja fisk í fiskvegi né nær neðra mynni hans en 30 metra og eigi nær efra mynni hans en 20 metra. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

Breytingar á einum kafla eru gjarnan teknar saman í eina grein; breyting á kaflafyrirsögn kemur síðast:

*Úr lögum nr. 101/1994:*

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VII. kafla laganna:

a. Við bætist ný grein, 25. gr., er orðast svo:

Samkeppnisstofnun annast eftirlit með ákvæðum laga þessara. Um meðferð mála hjá samkeppnisyfirkvöldum fer samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga að öðru leyti en því að ákvörðunum samkeppnisráðs um dagsektir verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

b. Við bætist ný grein, 26. gr., er orðast svo:

Samkeppnisráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara. Banni má fylgja ákvörðun um dagsektir sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið. Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag.

Áður en til bans kemur skv. 1. mgr. getur Samkeppnisstofnun lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem bann skv. 1. mgr.

c. Núgildandi 25.–26. gr. verða 27.–28. gr.

d. Fyrirsögn kaflans verður: **Bótaskylda, eftirlit og gildistaka.**

### Breytt kafla- og greinanúmer.

Úr lögum nr. 63/1994:

7. gr.

Greinatala IX.–XVII. kafla laganna, svo og tilvísanir milli greina, breytist í samræmi við ákvæði laga þessara.

Úr lögum nr. 38/1994:

23. gr.

159.–169. gr. laganna verða 170.–180. gr. Þá verða XXVII. og XXVIII. kafli laganna XXVIII. og XIX. kafli.

### Breytt kaflafyrirsögn.

Breytist kaflafyrirsögn er sú breyting tiltekin eftir að breytinga greinanna í kaflanum er getið.

Ath. Eigi að breyta kaflafyrirsögnum þarf að gæta þess að þær séu feitiletraðar eins og í upphaflegu lögnum (í Stjórnartíðindum).

Úr lögum nr. 137/1994:

25. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Hækkun hlutafjár og áskriftarréttindi.**

### Breytt lagaheiti.

Eigi að breyta lagaheiti er það tiltekið aftast í breytingalögnum, á undan gildistökuákvæði sem venjulega er allrasíðast, að vísu stundum á undan ákvæðum til bráðabirgða, þ.e. þeim sem eiga við breytingalögin.

Úr lögum nr. 56/1994:

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um skattskyldu lánastofnana.**

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekjuársins 1995.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á því ári þegar lög þessi öðlast gildi skulu viðskiptabankar og sparisjóðir samkvæmt þeim leysa upp og færa til skattskyldra tekna þá upphæð sem stendur á afskriftareikningi útlána sem byggist á ákvæði 3. gr. laga nr. 65/1982, sbr. 2. gr. laga nr. 51/1984. Miða skal tekjufærslu við stöðu reikningsins 31. desember 1993. Ákvæði 1. gr. laga þessara skulu síðan gilda um skattaleg reikningsskil viðkomandi skattaðila frá því tímamarki.

**Breytt ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði til bráðabirgða geta ýmist átt að falla inn í þau lög sem breyta á (og koma þá á undan gildistökuákvæði) eða þau eiga við breytingalögin sjálf (og koma þá aftast, á eftir gildistökuákvæði).

Eigi að breyta ákvæði til bráðabirgða í heildarlögunum er tekið fram hvaða ákvæði eigi að breyta séu þau fleiri en eitt; sagt að það orðist svo eða verði svohljóðandi; textinn hafður í framsöguhætti.

*Úr lögum nr. 52/1995:*

## 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum, sbr. lög nr. 102/1994, orðast svo:

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerðir um öryggi vöru sem boðin er neytendum hér á landi í atvinnuskyni eða neytendum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins af aðilum sem staðfestu hafa hér á landi að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði og að því leyti sem ekki er kveðið á um öryggi hlutaðeigandi vöru og eftirlit með því að hún uppfylli settar kröfur í öðrum löndum.

Í reglugerð skal kveðið á um hvernig eftirliti með því að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar skuli háttað og rétt skoðunarstofa til aðgangs að eftirlitsskyldri vöru.

Löggildingarstofan annast eftirlit skv. 2. mgr.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 1997.

*Úr lögum nr. 70/1995:*

## 9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skulu endurskoðuð í heild innan árs frá gildistöku laga þessara.

**Breyttur viðauki.***Úr lögum nr. 89/1996:*

13. gr.

Viðauki við lög in orðast svo:

**Viðauki I við lög um vörugjald.**

- A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða í vörugjald krónur fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða sem hér segir:

...

**Breyting á tollskrá.***Úr lögum nr. 18/1993:*

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tollskrá í viðauka I við tollalög:

1. 1. mgr. í viðauka I orðast svo:  
Dálkur A í tollskránni gildir fyrir allar innfluttar vörur nema um þær gildi sérreglur í dálki E. Dálkur E í tollskránni gildir fyrir vörur sem fluttar eru inn samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Ráðherra er heimilt með þeim skilmálum, sem kveðið er á um í samningnum eða öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum, að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrir mælum sérstaka tollmeðferð á vörum sem flokkast undir 1.–24. kafla tollskrárinnar.
2. Tolltaxti í dálki E í 25.–97. kafla tollskrárinnar verður 0%. Ráðherra er heimilt að lækka almennan toll í dálki A í sömu köflum í allt að 7,5%.
3. Tollur á vörum í tollskrárnúmerunum 8431.4200 og 8431.4300 fellur niður.
4. Tollur á vörum í vörulið 8426 fellur niður.

*Úr lögum nr. 122/1993:*

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tollskrá í viðauka I við tollalög:

1. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1011 verði 66 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærrí en 70% af tollverði vörunnar.
2. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1019 verði 40 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærrí en 70% af tollverði vörunnar.
3. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1021 verði 66 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærrí en 70% af tollverði vörunnar.
4. Tollur í dálki A á vörum í tollskrárnúmeri 1517.1029 verði 30 krónur á hvert kíló, þó þannig að tollurinn verði aldrei hærrí en 70% af tollverði vörunnar.

## VIÐBÓT

## Ný grein.

Ný grein bætist við. Sé annað ekki tekið fram breytist greinatala eftirfarandi greina ekki. Nýjar greinar eru oft auðkenndar með bókstöfum, a, b, c o.s.frv., t.d. 1. gr. a, 1. gr. b. Líta verður svo á að nýja greinin sé innskotsgrein sem vísa má til (í síðari breytingalögum) með bókstöfum (a, b, c o.s.frv., t.d. 13. gr. a, 14. gr. b).

Taka skal skýrt fram ef breyta á greinatölu í samræmi við lagabreytinguna.

*Úr lögum nr. 137/1994:*

## 6. gr.

Á eftir 5. gr. laganna bætist við ný grein, 5. gr. a, er orðast svo:

Eigi hlutafélag að taka við verðmætum skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. frá stofnendum eða öðrum skal sérfræðiskýrsla fylgja stofnsamningi. Skýrslan skal geyma:

1. Lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við.
2. Upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið.
3. Tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við.
4. Yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Endurgjaldið má ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins.

Ef hlutafélag skal í sambandi við stofnun þess taka við eða kaupa fyrirtæki í rekstri skal við undirritun stofnsamnings liggja frammi efnahags- og rekstrarreikningur þess fyrirtækis tvö síðustu reikningsár eða frá stofnun þess ef það er síðar. Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagar fyrirtækis þess sem félagið yfirtækur hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutafélagsins. Teljast reikningar þessir hluti sérfræðiskýrslunnar og skulu þeir gerðir í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.

Skýrslan skal gerð rétt fyrir stofnfund.

## 76. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein er verður 115. gr. a, svohljóðandi:

Ef hlutafélagaskrá telur að hlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðasta skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frests sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal aðvörun um afskráningu til fyrirsvarsmanna félagsins og annarra, sem hagsmuna eiga að gæta, birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist ekki fullnægjandi svar eða athugasemdir innan þess frests sem þar er tiltekinn má fella skráningu hlutafélagsins niður.

Í eftirfarandi dæmi yrði nýja greinin talin 12. gr. a.

*Úr lögum nr. 110/1993:*

1. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lög þessi taka til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, nema ákvæða laga þessara hafi verið gætt.

Hér er tekið fram að nýja greinin verði 12. gr., og breytist númeraröð eftirfarandi greina því samkvæmt því.

*Úr lögum nr. 17/1995:*

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 12. gr. laganna og orðast svo:

Starfræktur skal sérstakur sjóður sem hafi það hlutverk að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi framleiðslufélagsins.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal vera:

1. 20% af námagjaldi framleiðslufélagsins til ársins 2001.
2. 68% af námagjaldi framleiðslufélagsins frá og með árinu 2002 til og með árinu 2010.
3. Allt að 20% af tekjum ríkisins sem eiganda framleiðslufélagsins samkvæmt heimildum í fjárlögum hverju sinni.

...

Hér bætist við ný grein og er tekið fram að númeraröð annarra greina breytist samkvæmt því.

*Úr lögum nr. 20/1996:*

8. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Ákvæði 96. gr. A laga um viðskiptabanka og sparisjóði um rétt til að leita til dómstóla gilda einnig um lánastofnanir.

Úr lögum nr. 21/1996:

12. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu fyrir hvern verðbréfasjóð sem það annast rekstur á samkvæmt lögum þessum. Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að viðskiptavinum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs.

Nánar skal kveðið á um útboðslýsingar verðbréfasjóða skv. 1. mgr. í reglum sem bankaeftirlitið setur.

### Ný grein með fyrirsögn.

Úr lögum nr. 44/1993:

3. gr.

a. Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Í þéttbýli má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar ámóta óhjákvæmilegrar umferðar sem upp kemur.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: **Akstur utan vega.**

Úr lögum nr. 136/1995:

2. gr.

Á eftir 16. gr. laganna bætist við ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

*Gerð eignaskiptayfirlýsinga.*

Eftir 1. júní 1996 mega þeir einir taka að sér að gera eignaskiptayfirlýsingar sem fengið hafa til þess sérstakt leyfi félagsmálaráðherra.

Leyfið skal gefið út til fimm ára og skal viðkomandi greiða fyrir leyfisbréf gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Auglýsing um veitingu leyfis og leyfissviptingu skal birta í Lögbirtingablaðinu.

...

### Tvær (eða fleiri) nýjar greinar bætast við.

Bætist fleiri en ein grein við eru þær aðgreindar með stafliðum en væntanleg númer nýju greinanna höfð í sviga aftan við stafina. Greinarnar koma síðan í heild; greinaskil á undan.

*Úr lögum nr. 39/1992:*

18. gr.

Á eftir 86. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (87. gr.)

Við meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum skal beita ákvæðum VIII. kafla laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

b. (88. gr.)

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

*Úr lögum nr. 55/1993:*

5. gr.

Á eftir 8. gr. laganna koma sex nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (9. gr.)

Á hinu Evrópska efnahagssvæði skulu boðin út innkaup þeirra aðila sem getið er um í 3. gr., svo og sveitarfélaga, samtaka þeirra, stofnana og fyrirtækja. Jafnframt skulu boðin út innkaup annarra opinberra aðila sem eru undir yfirstjórn eða eftirliti stjórnar þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af opinberum aðilum. Starfi þessir aðilar á sviði viðskipta eða iðnaðar er þeim það þó ekki skylt, enda sinni þeir ekki vatnsveitu, orkuveitu, flutningum eða fjarskiptum.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að einstakar tegundir samninga um innkaup verði ekki boðnir út á Evrópska efnahagssvæðinu.

b. (10. gr.)

Skylda til útboðs tekur til innkaupa á vörum sem áætlað er að nemi a.m.k. því verðmæti án virðisaukaskatts sem getið er um í 1.–4. tölul. þessarar greinar. Með innkaupum er átt við kaup, leigu, fjármögnunarleigu og kaupleigu. Samningur telst vera samningur um innkaup, jafnvel þótt hann feli í sér flutning á ákvörðunarstað og uppsetningu.

1. 200.000 evrópskum mynteiningum (ECU) enda sé ekki um að ræða innkaup sem falla undir 2.–4. tölul.
2. 130.000 ECU vegna innkaupa á vörum sem getið er um í viðauka við lög þessi enda séu innkaupin ekki á vegum sveitarfélaga.

...

## Nýjar greinar koma í stað gildandi greina.

Úr lögum nr. 39/1992:

### 14. gr.

Í stað 61.–81. gr. laganna (VII. kafli: Um réttarfar í hjúskaparmálum o.fl.) koma tíu nýjar greinar er orðast svo:

#### a. (61. gr.)

Hjúskaparmál samkvæmt þessum kafla eru eftirfarandi dómsmál:

1. Mál sem höfðuð eru til ógildingar hjúskap.
2. Mál sem höfðuð eru til hjónaskilnaðar.
3. Mál til úrlausnar um hvort hjúskapur sé gildur eða ekki gildur.
4. Mál til úrlausnar um hvort réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng séu fallin niður.

#### b. (62. gr.)

Hjúskaparmál má höfða hér á landi í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef stefndi er búsettur hér á landi.
2. Ef stefnandi er hér búsettur og hefur verið það sl. tvö ár eða búið hér áður svo langan tíma.
3. Ef stefnandi er íslenskur ríkisborgari og leitt er í ljós að hann geti ekki vegna ríkisfangs síns höfðað mál í því landi sem hann er búsettur í.
4. Ef bæði eru íslenskir ríkisborgarar og stefndi lýsir eigi andstöðu sinni gegn því að málið sæti úrlausn dómstóls hér á landi.
5. Ef lögskilnaðar er krafist á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng enda hafi leyfi verið veitt eða dómur gengið hér á landi.

Mál til ógildingar hjúskap má höfða hér á landi ef hjónavígslan hefur farið fram hér.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga frammar ákvæðum þessarar greinar.

...

Úr lögum nr. 32/1993:

### 5. gr.

Í stað 7.–9. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

#### a. (7. gr.)

Fjarskiptaeftirlit ríkisins starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra. Fjarskiptaeftirlit ríkisins annast útgáfu leyfisbréfa, eftirlit með gerð búnaðar og lögboðuðum tækniforskriftum, úthlutun tíðna og eftirlit með skilmálum um notkun. Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir þjónustu Fjarskiptaftirlits ríkisins.

#### b. (8. gr.)

Samgönguráðherra setur, að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar, gjaldskrá fyrir þjónustu sem stofnunin hefur einkarétt á.

Við ákvörðun gjalda í samkeppnisgreinum fjarskiptaþjónustu skal taka mið af kostnaði.

#### c. (9. gr.)

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrir mæli um framkvæmd fjarskiptamála, eftirlit með þeim og annað er þar að lýtur. Honum er heimilt að setja reglugerðir á sviði fjarskipta að

Því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

### Nýjar greinar með fyrirsögn.

Úr lögum nr. 69/1996:

26. gr.

Í stað 97.–100. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, er orðast svo:

a. (97. gr.)

#### *Álagning tolla og annarra gjalda.*

Tollstjórar annast álagningu tolla og annarra gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu vara. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflytjandi eða umboðsmaður hans skuli reikna út tolla og önnur gjöld í aðflutningsskýrslu.

Ef tollstjóra er látin í té útreiknuð aðflutningsskýrsla má hann leiðrétta augljósar reiknings- skekkjur. Enn fremur má hann leiðrétta einstaka liði aðflutningsskýrslu ef óyggjandi upplýsingar eru fyrir hendi, en gera skal hann innflytjanda viðvart um slíkar breytingar.

Ef aðflutningsskýrsla er ekki skilað innan tilskilins frests, sbr. 3. mgr. 14. gr. og 23. gr., getur tollstjóri áætlað aðflutningsgjöld eða knúið innflytjanda til að skila aðflutningsskýrslu með stöðvun tollafgreiðslu.

b. (98. gr.)

Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið látin tollstjóra í té að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl eru ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmaletan hátt eða undirrituð á ófullnægjandi hátt eða tollstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skora á viðkomandi að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skýringar og þau gögn sem tollstjóri telur þörf á. Fái tollstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests leggur hann toll og önnur gjöld á samkvæmt aðflutningsskjölum og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á aðflutningsskýrslu, svar frá viðkomandi berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir eða send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg skal tollstjóri áætla aðflutningsgjöld.

...

c. (99. gr.)

#### *Endurákvörðun gjalda.*

Tollstjóri skal í samræmi við ákvæði þessarar greinar endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té við tollafgreiðslu fullnægjandi upplýsingar og, eftir atvikum, gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda innan 60 daga, talið frá því að hann heimilaði afhendingu vöru. Hafi heimild verið veitt til innflutnings vöru tíma-bundið en síðan komið til endanlegrar tollafgreiðslu hennar skal frestur til endurákvörðunar vera 60 dagar, talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð.

...

d. (100. gr.)

*Kætur til tollstjóra.*

Telji innflytjandi ákvörðun tollstjóra um gjaldskyldu, tollflokkun, tollverð eða fjárhæð aðflutningsgjalda við tollmeðferð vöru eigi rétta getur hann sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra. Ef ágreiningur er um tollmeðferð vöru sem hefur verið endanlega tollafgreidd skal kæra send tollstjóra innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi eða innan 60 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun tollstjóra á aðflutningsgjöldum skv. 99. gr.

### Ný málsgrein.

Ný málsgrein bætist við grein. Tekið er fram hvar málsgreinin á að vera í greininni. Sé annað ekki tekið fram er málsgreinin talin verða síðasta málsgrein greinarinnar.

*Úr lögum nr. 135/1994:*

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningar-sammings einstakra starfsmanna sem jafngilda uppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessum lögum getur atvinnurekandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

*Úr lögum nr. 137/994:*

40. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimild til handa félagsstjórn má veita einu sinni eða oft, þó eigi til lengri tíma en fimm ára í senn.

*Úr lögum nr. 87/1994:*

2. gr.

Framan við 6. gr. laganna bætast sex nýjar málsgreinar er orðast svo:

Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakörkunum, skv. 6. mgr. II. bráðabirgðaákvæðis laganna, skulu frá og með fiskveiðiárinu, er hefst 1. september 1994, sæta veiðitakörkunum eins og kveðið er á um í 2.–6. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, og til hrognkelsaveiða í net.

Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu enn fremur bannaðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi. Falli banndagar þessir saman við banndaga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur.

...

*Úr lögum nr. 28/1995:*

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 6. og 7. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn og jarðanefnd er heimilt að binda samþykki sitt samkvæmt þessari grein því skilyrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að tveimur árum fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Með sama hætti er heimilt að binda samþykki skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki. Slíkum skilyrðum skal þinglýst sem kvöð á eignina.

Nú fullnægir aðili ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið skv. 6. mgr. og getur sveitarstjórn þá með samþykki ráðherra sett honum frest til að fullnægja skilyrðunum eða afsala fasteigninni til aðila sem fullnægir skilyrðunum. Hafi skilyrðunum ekki verið fullnægt innan þess frests getur sveitarstjórn að fengnu samþykki jarðanefndar og ráðherra leyst eignina til sín. Náist ekki samkomulag um verð skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

Málgreinar eru að jafnaði ekki númeraðar svo að óþarft er að tilgreina breytingar á röð þeirra. Slíkt á aðeins við ef málgreinar eru númeraðar.

Dæmi:

„Á eftir 2. mgr. 3. gr. kemur ný málgrein, svohljóðandi:

3. . . .

3.–4. mgr. verða 4.–5. mgr.“

### Nýr töluliður (staflíður).

Nýr töluliður (staflíður) bætist við. Yfirleitt er tekið fram hvar í röðinni þeir skulu vera (og breytist þá röð þeirra sem á eftir koma), en annars verður að telja að hinn nýi liður verði síðastur. Texti inngangsmálsliðar er í framsöguhætti, tvípunktur á eftir; texti nýja liðarins kemur svo í beinu framhaldi, ekki greinaskil.

*Úr lögum nr. 21/1995:*

#### 1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Hlutfall erlendra eigna fari þó eigi umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris og skal stjórn sjóðsins gæta eðlilegrar áhættudreifingar í því sambandi.

Einnig má setja töluliðinn upp eins og í lögnum, þ.e. með númeri og inndrætti.

*Úr lögum nr. 28/1995:*

#### 2. gr.

Við 4. mgr. 6. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., sem verða svohljóðandi:

6. Þegar landið (fasteign) hefur verið tekið úr landbúnaðarnotum með leyfi skv. 1. mgr. 12. gr., enda hafi slíku leyfi verið þinglýst.
7. Þegar aðilaskipti verða að sumarbústað í sumarbústaðahverfi, enda sé bústaðurinn reistur í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

Úr lögum nr. 35/1995:

2. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:  
6. Skíðalyftur.

Úr lögum nr. 50/1994:

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo:  
12. Vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabókum ..... 300 kr.

Úr lögum nr. 60/1995:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast við tveir nýir stafliðir svohljóðandi:  
f. Mánuður telst 30 dagar.  
g. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.

Úr lögum nr. 81/1994:

5. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna, er verður 9. gr., bætist nýr stafliður, e-liður, svohljóðandi:  
e. Starfrækslu bókunarþjónustu fyrir ferðir og gistingu, sbr. b-, c- og d-liði, og afþreyingu, þar með talinnar tölvubókunarþjónustu.

Úr lögum nr. 101/1994:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:  
a. Nýr stafliður, c-liður, bætist við, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því:  
Lánssamningar þar sem lán er veitt gegn lægra gjaldi en almennt gerist og stendur almenn-  
ingi ekki til boða.  
b. G-liður, sem verður h-liður, orðast svo: Lánssamningar sem eru gerðir í því skyni að  
stofna til eða viðhalda eignarrétti yfir fasteignum eða til að endurgera eða bæta við fast-  
eign.  
...

Stundum eru notaðir undirliðir sem merktir eru með stjörnum eða strikum. Getur oft farið vel á að nota slíka liði í athugasemdum en óæskilegt er að nota þá eins og töluliði (eða stafliði) í markmiðsgreinum eða í ákvæðum til bráðabirgða því erfitt er að vísa til þeirra síðar eða breyta þeim með breytingalögum („þriðja stjarna orðast svo: ...“!).

**Viðbót.**

Orð eða hluti málsliðar bætist við. Mikilvægt er að skýrt komi fram hvar viðbótin skal koma og hvers kyns hún er.

*Úr lögum nr. 151/1994:*

2. gr.

Við upptalningu í 122. gr. laganna bætist: 2. mgr. 67. gr.

*Úr lögum nr. 139/1994:*

2. gr.

Á eftir ártalinu „1994“ í 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur: og 1995.

*Úr lögum nr. 60/1995:*

4. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda, sbr. 9. gr.

**Nýr málsliður.**

Nýr málsliður bætist við grein eða málsgrein; hann kemur í beinu framhaldi af textanum, þ.e. ekki verða greinaskil.

Ef ekki er annað tilgreint verður að ætla að málsliður sem bætist við málsgrein eða grein verði síðasti málsliðurinn.

*Úr lögum nr. 131/1994:*

1. gr.

Við 3. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Yfirdýralæknir hefur eftirlit með ávísunum dýralyfja.

*Úr lögum nr. 28/1995:*

11. gr.

Við 3. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Þá er heimilt að veita ábúanda jarðar í ríkiseign leyfi til að taka lán hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins til búvélakaupa með veði í jörðinni, að því marki að heildarskuldir ábúanda með veði í jörðinni nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til eignarhluta hans í fasteignum á jörðinni að mati jarðadeildar.

Annars verður að tilgreina nákvæmlega hvar hinn nýi málslíður (málslíðir) kemur:

*Úr lögum nr. 55/1995:*

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er þó að auglýsa lausasölulyf í sjónvarpi.

*Úr lögum nr. 45/1995:*

7. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Úthlutunarnefnd fyrir opinbera starfsmenn skal, eftir því hver á hlut að máli, skipuð þremur mönnum frá viðkomandi bandalagi opinberra starfsmanna, eða stéttarfélagi sem er utan bandalaga, einum fulltrúa frá fjármálaráðuneyti og einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir.

*Úr lögum nr. 122/1994:*

1. gr.

Við 2. mgr. 45. gr. laga nr. 93/1994 bætast tveir nýir málslíðir, sem verða 3. og 4. másl., svohljóðandi: Einnig eru undanskilin ákvæði IX. kafla lyfjalaga, nr. 108/1984, 32.–38. gr., ásamt 4. tölul. 50. gr., er fjalla um verðlagningu lyfja og lyfjaverðlagsnefnd og ákvæði í II., III. og VI. kafla laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, 2.–6. gr., 9.–13. gr. og 27.–34. gr., er fjalla um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða. Þessi ákvæði lyfjalaga og laga um lyfjadreifingu falla úr gildi 1. nóvember 1995, sbr. 3. tölul. ákvæða til bráðabirgða.

## Nýr kafli.

Nýr kafli bætist við með svo og svo mörgum greinum og nýju kaflaheiti. Oft er tiltekið að kafla- og greinatala breytist til samræmis. Kaflaheiti eru feitletruð.

*Úr lögum nr. 13/1995:*

1. gr.

Á eftir IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Verðtrygging sparifjár og lánsfjár**, með fimm nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (20. gr.)

Ákvæði kafla þessa gilda um skuldbindingar um sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem áskilið er að greiðslurnar skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðli, sbr. 21. gr.

b. (21. gr.)

Það er skilyrði verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 20. gr. að grundvöllur hennar sé annaðhvort:

1. vísitala neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði eða
2. vísitala gengis á erlendum gjaldmiðli eða samsettum gjaldmiðlum sem Seðlabanki Íslands reiknar og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. Viðskiptaráðherra setur að fenginni tilögu Seðlabankans nánari ákvæði um gengisvísitölur í reglugerð.

Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir vegna verðtryggingar sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki viðskiptaráðherra heimilað að fleiri opinberlega skráðar vísitölur en tilgreindar eru í 1. mgr. geti verið grundvöllur verðtryggingar sparifjár og lánsfjár.

Seðlabankinn skal að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna eða lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

c. (22. gr.)

Þegar skuldbindingum með ákvæðum um verðtryggingu er þinglýst hjá sýslumönnum skulu þeir gæta þess að ákvæðanna sé getið í veðmálaskrá og að þær komi fram á veðbókarvottorðum.

...

Úr lögum nr. 38/1994:

22. gr.

Á eftir 168. gr. laganna kemur nýr kafli, sem verður XXVII. kafli, en fyrirsögn hans verður: **Endurupptaka máls sem hefur verið dæmt í Hæstarétti.** Í þeim kafla verður ein grein, sem verður 169. gr., svohljóðandi:

1. Hæstiréttur getur leyft samkvæmt umsókn aðila að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu á ný ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a. sterkar líkur eru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós í Hæstarétti þegar málið var þar til meðferðar fyrra skiptið og aðilanum verður ekki kennt um það,
- b. sterkar líkur eru leiddar að því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum,
- c. önnur atvik mæla með því að leyfið verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi.

2. Aðili getur ekki sótt um endurupptöku máls skv. 1. mgr. nema einu sinni. Að öðru leyti getur aðili ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.

3. Ákvæði 1.–3. mgr. 168. gr. gilda um umsókn um endurupptöku, meðferð umsóknar, ákvörðun um hana og áhrif endurupptöku.

4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins fyrir Hæstarétti af hendi þess sem beiðdist hennar og fellur þá frekari meðferð málsins niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný fyrir Hæstarétti samkvæmt reglum XXIV. eða XXV. kafla þessara laga eftir því sem á við.

Úr lögum nr. 62/1993 (bandormur):

3. gr.

*Siglingalög, nr. 34/1985, með síðari breytingum.*

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XVI. kafli, **Um aðild að Evrópsku efnahags-  
svæði**, með einni grein, 243. gr., er orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði siglingalaga að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

### Nýtt (ný) ákvæði til bráðabirgða.

Nýtt ákvæði til bráðabirgða bætist við lögin sem breyta skal.

Sé annað ekki tekið fram verður að álykta að hið nýja ákvæði komi aftan við ákvæði sem fyrir eru. Texti inngangsmálgreinar er í framsöguhætti, tvípunktur og greinaskil. Þá kemur ákvæðið sjálf.

Tekið skal fram að bráðabirgðaákvæðið bætist við „lögin“ og með því átt við lögin sem breyta skal. („Við *lögin* bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða.“) Eigi ákvæðið hins vegar við breytingalögin er talað um „*lög þessi*“; t.d. „4. gr. laga þessara kemur ekki til framkvæmda fyrr en ...“.

Bráðabirgðaákvæði með breytingalögum er haft síðast í lögunum, aftan við gildistökuákvæðið, og á ekki að vera merkt sem sérstök grein. Eigi hins vegar að breyta áður settu bráðabirgðaákvæði með breytingalögum er kveðið á um þá breytingu á undan gildistökuákvæðinu. — Ef ákvæði eru fleiri en eitt eru þau jafnan númeruð með rómverskum tölum fyrir miðju.

Dæmi um ákvæði til bráðabirgða við lög sem breyta á:

*Úr lögum nr. 21/1995:*

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samning við Spöl hf. um kaup víkjandi skuldabréfa, útgefnum af Speli hf., í samræmi við viljayfirlýsingu lífeyrissjóðsins, dags. 13. desember 1993.

*Úr lögum nr. 12/1994:*

7. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, VI, svohljóðandi:

Húsnæðisstofnun ríkisins getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbrefadeildar ef viðkomandi hefur orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna atvinnuleysis, minnkandi atvinnu, veikinda eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 1996.

*Úr lögum nr. 141/1994:*

2. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

H.

Skipa skal í nýtt Framleiðsluráð skv. 5. gr. laganna að afstöðnu fyrsta þingi nýrra heildar-samtaka bænda. Skal nýskipað Framleiðsluráð taka þegar til starfa og fellur þá jafnframt niður umboð þeirra manna sem nú skipa ráðið.

*Úr lögum nr. 124/1993:*

10. gr.

Við lögin bætast svofelld ákvæði til bráðabirgða:

I.

Sérstakan fasteignaskatt, sem nema skal 1,25% að hámarki af álagningarstofni, er heimilt að leggja á fasteignir sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyr-andi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða. Skattskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignar-skatt, eða lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Skatt-skyldan nær til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni. Álagningarstofn skal vera fasteignamatsverð í árslok áður en álagning fer fram. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð. Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til skatts samkvæmt þessu ákvæði skal miða við raunverulega notkun fasteignar í árslok áður en álagning fer fram. Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega. Skattur samkvæmt ákvæði þessu rennur óskiptur til sveitarsjóðs. Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins en getur falið sérstökum innheimtuaðila innheimtuna.

...

II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. skulu sveitarstjórnir hafa frest til 15. janúar 1994 til að ákveða hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári.

Tilkynning til fjármálaráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal hafa borist eigi síðar en 20. janúar 1994. Berist tilkynning sveitarstjórnar ekki innan þess frests skal miða við ákvörðun árs-ins 1993 að viðbættu 1,5% en þó skal útsvarið að lágmarki vera 8,4%.

Innheimtuhlutfall útsvars í janúarmánuði 1994 skal miða við ákvarðað útsvar sveitarstjórna á árinu 1993 að viðbættu 1,5% en þó skal það að lágmarki vera 8,4%.

Úr lögum nr. 148/1994:

6. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (IV.)

Á árinu 1994 er Atvinnuleysisstryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir.

b. (V.)

Í samræmi við 5. mgr. 22. gr. skal stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs heimilt á árinu 1995, þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslu atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Dæmi um ákvæði til bráðabirgða við breytingalög:

Úr lögum nr. 56/1994:

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekjuársins 1995.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á því ári þegar lög þessi öðlast gildi skulu viðskiptabankar og sparisjóðir samkvæmt þeim leysa upp og færa til skattskyldra tekna þá upphæð sem stendur á afskriftareikningi útlána sem byggist á ákvæði 3. gr. laga nr. 65/1982, sbr. 2. gr. laga nr. 51/1984. Miða skal tekjufærslu við stöðu reikningsins 31. desember 1993. Ákvæði 1. gr. laga þessara skulu síðan gilda um skattaleg reikningsskil viðkomandi skattaðila frá því tímamarki.

**Nýjar orðskýringar.**

Úr lögum nr. 5/1992:

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í rétttri stafrófsröð:

**Efri og neðri mörk greiðslumarks** eru leyfileg fráviksmörk framleiðslu á lögbýli frá greiðslumarki býlisins án þess að frávikid valdi breytingu á beinum greiðslum úr ríkissjóði.

**Greiðslumark lögbýlis** er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílógrömmum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli samkvæmt búvörusamningi og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

**Heildargreiðslumark sauðfjárafurða** er tiltekið magn kindakjöts, mælt í tonnum, sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

**Nýr viðauki.***Úr lögum nr. 81/1996:*

3. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki sem verður hluti af lögum þessum og orðast svo:

**Viðauki.**

Til iðnaðar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT 95:

- 10 Kolanám og mótvinnsla.
- 11 Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.
- 12 Nám á úran- og þórín málmgrýti.
- 13 Málmnám og málmvinnsla.
- 14 Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.

...

*Úr lögum nr. 32/1995:*

3. gr.

Við lögin bætist svofelldur Viðauki I sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

**Viðauki I.**

Í sérstökum gjaldflokki tryggingagjalds skulu vera eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands:

- 01.1 Jarðyrkja og garðyrkja.
- 01.2 Búfjárrækt.
- 01.3 Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar.
- 01.5 Dýraveiðar og tengd þjónusta.
- 02 Skógrækt, skógarhögg og tengd þjónusta.
- 05.01 Fiskveiðar.
- 05.02 Rekstur seiða-, fiskeldis- og hafbeitarstöðva.
- 10 Kolanám og mótvinnsla.
- 11 Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.
- 12 Nám á úran- og þórín málmgrýti.
- 13 Málmnám og málmvinnsla.
- 14 Námugróftur og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.
- 15 Matvæla- og drykkjarvöru iðnaður.

...

*Lög nr. 86/1994 (um viðauka við lög nr. 35 30. apríl 1993, um eftirlit með skipum):*

1. gr.

Við lögin bætist svofelldur **viðauki**:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laganna er heimilt að flytja inn að nýju fiskiskip sem flutt hafa verið úr landi eftir 1. september 1992 vegna þess að þau voru endurnýjuð með öðru skipi á grundvelli 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, enda fullnægi þau öðrum skilyrðum fyrir íslenskri skráningu skipa.

Sama gildir um fiskiskip sem keypt hafa verið erlendis frá til veiða utan íslenskrar efnahagslögsögu eftir 1. september 1992 til 30. apríl 1994 enda fullnægi þau öllum skilyrðum fyrir íslenskri skráningu öðrum en ákvæðum 2. mgr. 8. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**BROTTFALL****Brottfall greinar (greina).**

Grein (greinar) er felld brott í heild. Tiltekið er nákvæmlega um hvaða grein (greinar) er að ræða. Ef annað er ekki tekið fram breytist greinatala eftirfarandi greina ekki, heldur verður gat í töluröðinni. (Sjá t.d. jarðalög.) Oft er þess þó getið að greinatalan breytist. Textinn er hafður í framsöguhætti.

*Úr lögum nr. 9/1995:*

18. gr. laganna fellur brott. 7. gr.

*Úr lögum nr. 4/1992:*

9. og 10. gr. laganna falla brott. 8. gr.

*Úr lögum nr. 70/1995:*

18., 19., 20. og 21. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því. 6. gr.

**Brottfall greinarfyrirsagnar.**

Í eftirfarandi dæmi um slíkt brottfall væri betra að segja að fyrirsögnin félli „brott“ en ekki „niður“.

*Úr lögum nr. 44/1993:*

Fyrirsögn á undan 65. gr. laganna fellur niður. 16. gr.

**Brottfall málsgreinar (málsgreina).**

Ein eða fleiri málsgreinar eru felldar brott. Þar sem málsgreinar eru ekki tölusettar er óþarft að tilgreina breytingar á röð þeirra. Hafa verður gætur á tilvísunum síðar. — Texti er hafður í framsöguhætti.

*Úr lögum nr. 45/1995:*

2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott. 5. gr.

*Úr lögum nr. 24/1994:*

2. mgr. 50. gr. laganna fellur brott. 4. gr.

**Brottfall málsliðar (málsliða).**

Einn eða fleiri málsliðir eru felldir brott. Þar sem málsliðir eru ekki tölusettir er óþarft að tilgreina breytingar á röð þeirra. Hafa verður gætur á tilvísunum síðar. Framsöguháttur er notaður.

*Úr lögum nr. 9/1995:*

2.–4. másl. 1. mgr. 114. gr. laganna falla brott. 20. gr.

*Úr lögum nr. 51/1994:*

3. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott. 1. gr.

**Brottfall töluliðar (staflíðar).**

Einn eða fleiri töluliðir (staflíðir) eru felldir brott í heild. Töluröð (stafaröð) breytist ekki nema þess sé getið.

*Úr lögum nr. 35/1995:*

3. tölul. 10. gr. laganna fellur brott. 5. gr.

*Úr lögum nr. 124/1993:*

D-liður 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott. 1. gr.

**Orð felld (felld) brott.**

Eitt eða fleiri orð (eða tölur) eru felld brott. Taka skal skýrt fram hvaða orð falla brott og tilgreina nákvæmlega hvar þau eru.

*Úr lögum nr. 9/1995:*

Orðin „með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr.“ í 1. mgr. 127. gr. laganna falla brott. 21. gr.

*Úr lögum nr. 35/1995:*

Orðin „og 6. gr.“ í 9. gr. laganna falla brott. 4. gr.

**Brottfall kafla.**

Einn eða fleiri kaflar eru felldir brott í heild. Oftast er tiltekið að kafla- og greinatala breytist. Annars myndast gat í röðina.

*Úr lögum nr. 124/1993:*

7. gr.

V. kafli laganna, **Um aðstöðugjald**, 34.–40. gr., fellur brott og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.

*Úr lögum nr. 81/1994:*

4. gr.

III. kafli laganna, 9., 10. og 11. gr., fellur brott og breytist númeraröð kafla og greina í samræmi við það.

*Úr lögum nr. 61/1993:*

16. gr.

VII. kafli laganna, **Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar**, fellur brott.

17. gr.

VIII. kafli laganna, **Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga**, fellur brott.

**Ákvæði til bráðabirgða fellt brott.**

Fyrir kemur að ákvæði til bráðabirgða er fellt brott, en oftast gilda slík ákvæði aðeins í ákveðinn (tilgreindan) tíma og falla því brott sjálfkrafa.

*Úr lögum nr. 89/1991:*

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögnum fellur brott.

## MARGÞÆTTAR BREYTINGAR

Oft eru gerðar fleiri en ein breyting á greinum. Eru þær þá sundurgreindar í staflíði (tölulíði). Sömu reglur gilda um þær og stakar breytingar sem skýrðar hafa verið hér að framan. Fremur skal nota staflíði en tölulíði.

*Úr lögum nr. 31/1994.*

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heilsölu og smásölu.
- b. Í stað orðanna „þóknun til dýralækna“ í 5. másl. 3. mgr. kemur: hámarksverð á dýralyfjum í smásölu.
- c. Við síðari málslið 4. mgr. bætist: og allra dýralyfja.

*Úr lögum nr. 9/1995:*

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað „8 þingsætum“ í upphafi b-liðar fyrri málsgreinar kemur: 9 þingsætum.
- b. 1. tölul. b-liðar fyrri málsgreinar orðast svo: Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu almennu alþingiskosningum á undan með tölunum 10, 13, 16, 19 o.s.frv. eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.
- c. C-liður fyrri málsgreinar fellur brott.

*Úr lögum nr. 101/1994:*

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Nýr staflíður, c-liður, bætist við, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: Lánssamningar þar sem lán er veitt gegn lægra gjaldi en almennt gerist og stendur almenníngi ekki til boða.
- b. G-liður, sem verður h-liður, orðast svo: Lánssamningar sem eru gerðir í því skyni að stofna til eða viðhalda eignarrétti yfir fasteignum eða til að endurgera eða bæta við fasteign.
- c. Ný málsgrein, 2. mgr., bætist við, svohljóðandi:  
Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki um samninga sem gerðir eru í því skyni að halda þeim utan gildissviðs laga þessara, svo sem með skiptingu fjárhæðar á fleiri en einn lánssamning.

Úr lögum nr. 147/1994 (lögum um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt):

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

- a. 11. mgr. A-liðar orðast svo:  
Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.
- b. Í stað orðanna „tölul. A-liðar“ í 2. másl. 3. mgr. B-liðar kemur: og 3. tölul. A-liðar og 2., 3. og 4. tölul. B-liðar.
- c. Í stað 9. og 10. mgr. B-liðar kemur ný málsgrein er orðast svo:  
Barnabótaauki skal ákveðinn við álagningu, sbr. X. kafla. Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabótaauka, innheimtu ofgreidds barnabótaauka og skuldajöfnun barnabótaauka á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.
- d. Orðin „þar með talin kaup á eignarhlut í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993“ í 1. mgr. C-liðar falla brott.
- e. Lokamálsliður 2. mgr. C-liðar fellur brott.
- f. Í stað 1. og 2. másl. 3. mgr. C-liðar koma þrír nýir máslíðir er orðast svo: Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 2. mgr., hjá hverjum framteljanda en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning. Þannig ákveðin vaxtagjöld skulu skerðast um vaxtatekjur skv. 8. gr.
- g. Í stað orðsins „grein“ í 3. másl. 3. mgr. C-liðar, sem verður 4. másl., kemur: málsgrein.
- h. Í stað „3. tölul.“ í 1. másl. 4. mgr. C-liðar kemur: 4. tölul.
- i. Lagatílvísunin „1. mgr. 78. gr.“ í 3. másl. 4. mgr. C-liðar verður: 1. mgr. 76. gr.
- j. 10. mgr. C-liðar orðast svo:  
Reglur um skuldajöfnun vaxtabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

Breytingar á einum kafla eru gjarnan teknar saman í eina grein; breyting á kaflafyrirsögn kemur síðast.

*Úr lögum nr. 101/1994:*

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VII. kafla laganna:

a. Við bætist ný grein, 25. gr., er orðast svo:

Samkeppnisstofnun annast eftirlit með ákvæðum laga þessara. Um meðferð mála hjá samkeppnisyfirkvöldum fer samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga að öðru leyti en því að ákvörðunum samkeppnisráðs um dagsektir verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

...  
b. Fyrirsögn kaflans verður: **Bótaskylda, eftirlit og gildistaka.**

## BANDORMAR

Stundum breyta ein breytingalög mörgum lögum, svonefndir „bandormar“. Þá eru breytingarnar venjulega efnislega tengdar; nýleg lagasetning (svo sem tilflutningur valdsviðs) kann að kalla á breytingar á fjölda annarra laga. Einnig eru oft notaðir bandormar þegar ráðgerðar eru aðgerðir í efnahagsmálum (ráðstafanir í ríkisfjármálum) og breyta þarf fjölda laga til að ná tilætluðum áhrifum.

*Úr lögum nr. 57/1995:*

## I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 14/1979.**

1. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóri“ í 4. gr. laganna kemur: Hollustuvernd ríkisins.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 20/1986.**

2. gr.

7. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 32/1986.**

3. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Hollustuverndar ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1995.

*Úr lögum nr. 52/1994:*

**Breytingar á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

22. Að endurgreiða eða fella niður toll af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa töluliðar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

**Breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.**

## 2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fjármálaráðherra er enn fremur heimilt að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara og garðyrkjuafurða. Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.

**Gildistaka.**

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó er heimilt að láta ákvæði 1. gr. taka til innfluttra vara sem tollafgreiddar hafa verið frá 1. janúar 1994 og ákvæði 2. gr. taka til innlendra vara sem seldar hafa verið frá sama tíma.

*Úr lögum nr. 58/1993:*

## 1. gr.

Í stað síðari málsliðar 18. gr. laga nr. 49/1974, sbr. 6. gr. laga nr. 48/1981, kemur: Þó má ákveða í reglugerð endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sé það gert skal tilgreint til hvaða ríkisborgara bann við endurgreiðslum tekur. Þá er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslur á þeim iðgjöldum sem menn greiða til lífeyrissjóðsins eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og þeim hluta iðgjalda sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

## 2. gr.

Við A-lið 69. gr. laga nr. 75/1981 bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 6. mgr. þessa staflíðar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, enda starfi hann og sé skattskyldur skv. 1. gr. hér á landi. Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari málsgrein eru þau að börnin séu heimilisföst í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst. Nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu settar í reglugerð.

## 3. gr.

4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1954 orðast svo: Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó getur ráðherra heimilað að ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins verði ráðnir til starfa með sömu kjörum og íslenskir ríkisborgarar. Einnig má víkja frá þessu ákvæði ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfi til bráðabirgða.

## HEITI BREYTINGALAGA

Í heiti breytingalaga kemur fram rétt heiti laganna sem breyta skal og gjarnan númer og ár (dagsetning er ekki nauðsynleg). Þó er ekkert á móti því, ef breyta á fleiri en einum lögum, að telja þau upp án laganúmera (enda eru þau þá tilgreind sérstaklega í breytingalögum). Enn fremur skal vísa til þegar gerðra breytinga á lögum (númera breytingalaga), sérstaklega þegar þau breyta greinum sem breyta á með breytingalögum. Þó er oft vísað til „síðari breytinga“ ef upptalningin verður of löng; óþarft er að tilgreina breytingar sem snerta aðrar greinar en þær sem breyta á. Almenn er betra að hafa heiti laga á undan númeri þeirra.

*Úr lögum nr. 122/1994:*

**Lög um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.**

*Úr lögum nr. 151/1994:*

**Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.**

*Úr lögum nr. 9/1995:*

**Lög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.**

*Úr lögum nr. 61/1993:*

**Lög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989, 70/1990, 124/1990, 130/1990, 24/1991, 47/1991 og 10.–12. gr. laga nr. 1/1992.**

Fyrir kemur að sett eru lög sem breyta breytingalögum; slíkt er þó sjaldgæft.

*Úr lögum nr. 153/1994:*

**Lög um breyting á lögum nr. 56/1994, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.**

Heiti bandorma:

*Úr lögum nr. 58/1993:*

**Lög um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.**

Komi númer laganna sem breyta á ekki fyrir í heitinu er þeirra getið í texta breytingalaganna, inngangsmálgreinum eða greina- eða kaflaheitum eftir því sem við á.

*Úr lögum nr. 15/1992:*

**Lög um breytingu á lögum um Lyfjateknaskóla Íslands, lögum um sjúkraliða, lögum um Ljósmeðraskóla Íslands og á ljósmeðralögum.**

Bandormar geta heitið eftir efni sínu (t.d. ráðstafanir í ríkisfjármálum) fremur en að talin séu upp í heiti öll lög sem breyta skal.

*Úr lögum nr. 62/1993:*

**Lög um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.**

*Úr lögum nr. 112/1993:*

**Lög um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga.**

*Úr lögum nr. 87/1989:*

**Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.**

## GILDISTÖKUÁKVÆÐI

Gildistökuákvæði eru aftast í lögum. Eigi breytingar á mismunandi lögum ekki að öðlast gildi á sama tíma eru breytingalögin (bandormur) yfirleitt kaflaskipt, þ.e. einn kafli fyrir hver lög eða málaflokk, og gildistökuákvæði í lok hvers kafla fyrir sig. Séu bandormar kaflaskiptir, þannig að hver kafli breytir einum lögum en gildistökuákvæði er það sama, er það haft í sérkafla, aftast.

Nokkur dæmi um gildistökuákvæði. Algengast er að lög taki þegar gildi – eða að dagsetning sé ákveðin sem gefur aðlögunartíma.

*Úr lögum nr. 85/1996:*

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

*Úr lögum nr. 107/1996:*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. 6. gr.

*Úr lögum nr. 105/1996:*

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996, nema ákvæði 2. gr. sem öðlast þegar gildi. 8. gr.

*Úr lögum nr. 101/1996:*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996. Þó skal 5. efnismgr. 3. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. febrúar 1997.

*Úr lögum nr. 153/1994:*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 á tekjur ársins 1995. 2. gr.

Brottfall. Ákvæði um brottfall laganna síðar eru yfirleitt höfð aftast í breytingalögum, gjarnan í gildistökugreininni.

*Úr lögum nr. 63/1996:*

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með síðari breytingum, falla úr gildi 31. desember 1997.

Ráðstafanir tengdar gildistöku. Ákvæði um ráðstafanir tengdar gildistöku laganna og jafnvel brottfall laganna sem er verið að breyta má ýmist setja í gildistökugreinina eða í sérstaka grein aftan við hana.

*Úr lögum nr. 23/1996:*

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996. Öllum eignum landflutningasjóðs skal ráðstafa í samræmi við tilgang hans innan átta ára frá gildistöku laga þessara. Lög um landflutningasjóð falla úr gildi 1. júní 2004.

Gildistökuákvæði er gjarnan sérkafli, síðasti kafli laganna. Þar geta einnig verið ákvæði um hvernig farið skuli með mál sem upp hafa komið fyrir gildistöku breytingalaganna en þarf að afgreiða eftir gildistöku. Ákvæði um lagaskil (mörk eldri og yngri laga) tilgreina hvað falli undir nýju lögin og hvað gömlu lögin. Er þá mögulega kveðið á um afturvirkni þeirra eða einstakra ákvæða þeirra. Slík ákvæði eru einnig sett sem ákvæði til bráðabirgða.

*Úr lögum nr. 130/1997:*

#### **Gildistaka.**

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Ákvæði 12. gr. skal þó öðlast gildi við birtingu.

*Úr lögum nr. 147/1997:*

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði laga þessara skulu gilda um þá feður sem geta nýtt sér rétt samkvæmt lögnum við gildistöku þeirra.

Úr lögum nr. 36/1996:

IV. KAFLI  
**Gildistökuákvæði.**

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996.

31. gr.

Lög þessi eiga við um einkaleyfisumsóknir sem lög nr. 17/1991 taka til og eru til meðferðar hjá einkaleyfayfirvöldum við gildistöku þessara laga. Hafi verið send tilkynning um að fallist sé á framlagningu umsóknar fyrir gildistöku þessara laga fer um meðferð þeirrar umsóknar eftir ákvæðum laganna fyrir breytingu.

Ákvæði 7. gr. laga þessara á ekki við um einkaleyfi sem veitt voru áður en lög þessi tóku gildi.

Ákvæði 13. og 14. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 17/1991 eiga við um umsóknir sem lagðar voru inn fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 22. gr. laga þessara taka ekki gildi fyrr en 2. janúar 1998.

## ENDURÚTGÁFA LAGA

Mað gildistökuákvæði breytingalaga er stundum ákvæði um að breytingarnar skuli fella inn í heildarlögin (og önnur breytingalög sem um er að ræða) og gefa eigi lögin út þannig breytt.

*Úr lögum nr. 69/1996:*

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 55 30. mars 1987, ásamt síðari breytingum og breytingum á viðaukum við þau, og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

*Úr lögum nr. 137/1994:*

123. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og laga nr. 69/1989, 12/1990, 21/1991, 23/1991, 90/1991 og 92/1991, allra um breytingu á lögum um hlutafélög, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

*Úr lögum nr. 45/1995:*

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra, svo og III. kafla laga nr. 116/1993 og 9.–17. gr. laga nr. 127/1993, inn í lög nr. 93/1993 og gefa þau út svo breytt.

*Úr lögum nr. 124/1993:*

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 og ákvörðun staðgreiðslu á því ári.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 90/1990, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

## ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI

Stundum er sett ákvæði í breytingalög um endurskoðun þeirra laga sem verið er að breyta. Það er aftast í lögunum, með gildistökuákvæði, eða sem ákvæði til bráðabirgða.

*Úr lögum nr. 20/1995:*

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 9. mars 1995. Jafnframt fellur brott fylgiskjal með lögum nr. 9/1970, um lönþróunarsjóð.

Lög nr. 9/1970 skulu endurskoðuð fyrir 1. maí 1996.

*Úr lögum nr. 102/1993:*

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði laga þessara skal taka til endurskoðunar fyrir 10. október 1994.

## LETURBREYTINGAR

Eigi að breyta kafla- eða greinarfyrirsögn skal þess gætt að nota sömu leturgerð og notuð er í lögum sem breyta skal, kaflafyrirsagnir feitletraðar, greinarfyrirsagnir skáletraðar.

Úr lögum nr. 22/1995:

5. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

*Tilkynningarskylda lögreglu o.fl.*

Þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða ungmenni eða gegn því skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn máls. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

Nú tekur lögregla skýrslu af barni og skal lögregla þá gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan skýrslutökuna. Lögregla getur krafist þess telji hún þörf á því. Óski foreldri eftir að vera viðstatt skýrslutöku af barni sínu skal það heimilt, nema lögregla ákveði annað vegna hagsmuna barnsins eða vegna þess að nærvera foreldra er talin geta torveldað rannsókn málsins.

...

Úr lögum nr. 101/1994:

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VII. kafla laganna:

a. Við bætist ný grein, 25. gr., er orðast svo:

Samkeppnisstofnun annast eftirlit með ákvæðum laga þessara. Um meðferð mála hjá samkeppnisyfyrvöldum fer samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga að öðru leyti en því að ákvörðunum samkeppnisráðs um dagsektir verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

b. Við bætist ný grein, 26. gr., er orðast svo:

Samkeppnisráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara. Banni má fylgja ákvörðun um dagsektir sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið. Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag.

Áður en til bans kemur skv. 1. mgr. getur Samkeppnisstofnun lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem bann skv. 1. mgr.

c. Núgildandi 25.–26. gr. verða 27.–28. gr.

d. Fyrirsögn kaflans verður: **Bótaskylda, eftirlit og gildistaka.**

## SKAMMSTAFANIR

Orðin málsliður, málsgrein, töluliður og grein (og samkvæmt) eru skammstöfuð ef númer er hliðstætt orðinu (þ.e. másl., mgr., tölul., gr., skv.). Samanber er alltaf skammstafað, sbr.

Málsliður:

*Úr lögum nr. 55/1995:*

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er þó að auglýsa lausasölulýf í sjónvarpi.

Málsgrein:

*Úr lögum nr. 131/1994:*

2. gr.

Við síðari málsgrein 21. gr. laganna bætist eftirfarandi: en um lyfsölu dýralækna gildir 5. mgr. 30. gr.

*Úr lögum nr. 135/1994:*

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningar-samnings einstakra starfsmanna sem jafngilda uppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessum lögum getur atvinnurekandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

Töluliður:

*Úr lögum nr. 28/1995:*

10. gr.

Við 1. mgr. 35. gr. laganna bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi:

3. Þegar ráðstafað er eignum sem falla undir 6. og 7. tölul. 6. gr.

Grein:

*Úr lögum nr. 110/1993:*

1. gr.

Á eftir 12. gr. kemur ný grein er orðast svo:

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lög þessi taka til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, nema ákvæða laga þessara hafi verið gætt.

Samkvæmt:

*Úr lögum nr. 70/1995:*

6. gr.

18., 19., 20. og 21. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

*Úr lögum nr. 135/1994:*

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningar-samnings einstakra starfsmanna sem jafngilda uppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

Samanber:
-----------

*Úr lögum nr. 151/1994:*

1. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1987, orðast svo:  
Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjum umfram 75.000 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

**Breyting á öðrum lögum en þeim sem breytt er  
(afleiðingarbreyting).**

Breytingar á einum lögum geta kallað á breytingu á öðrum lögum, oft smávægilega, til samræmis. Sú breyting er afleiðing þeirrar fyrri. Ekki þarf sérstök lög til að ná þeirri breytingu fram, heldur má koma henni fyrir í grein (greinum) í lok fyrrnefndu breytingalaganna, gjarnan á eftir gildistökgreininni eða í henni.
---

*Úr lögum nr. 96/1996:*

46. gr.

Við gildistöku laga þessara kemur í stað orðsins „tollgæslustjóra“ í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn: ríkistollstjóra.

*Úr lögum nr. 123/1997:*

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Þá falla úr gildi lög um samfélagsþjónustu, nr. 55 29. apríl 1994.

Jafnframt bætist nýr málslíður við 1. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/ 1993, svohljóðandi: Fangar skulu njóta sjúkratrygginga, annarra en sjúkradagpeninga, samkvæmt almennum reglum sem um þær gilda.

**Ákvæði til bráðbirgða.**

Til að heimilt verði að fullnusta dóma með samfélagsþjónustu þar sem dæmd refsivist er meira en þrjú mánuðir eða hluti refsivistar skilorðsbundinn þarf dómurinn að vera kveðinn upp eftir gildistöku laga þessara.

**„Þrátt-fyrir“-ákvæði.**

Fyrir kemur að í lögum er kveðið á um eitthvað (oftast fjárgreiðslur úr ríkissjóði eða af mörkuðum tekjustofni) sem síðar reynist nauðsynlegt að fresta eða víkja frá um tíma, og eru þá gjarnan samþykkt svokölluð „þrátt-fyrir“-ákvæði. Þau mæla fyrir um að framkvæmd fyrrgreindra lagaákvæða gildi ekki um tiltekinn tíma eða þau nái ekki fram að ganga; geta verið sérstök bráðabirgðaákvæði með lögum.

*Úr lögum nr. 148/1994:*

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 7. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag til Kvikmyndasjóðs og reksturs Kvikmyndasafns Íslands eigi vera hærra en 101,6 m.kr. á árinu 1995.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöfuð og endurbætur menningarbygginga, er heimilt að ráðstafa 40 m.kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögnum til reksturs Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á árinu 1995.

Dæmi um „þrátt-fyrir“-ákvæði sem sérstakt bráðabirgðaákvæði.

*Úr lögum nr. 11/1993:*

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. situr stjórn Verðbréfaþings Íslands við gildistöku laga þessara til loka febrúar 1994.